Reykjavíkurborg
Bílastæðasjóður

Bílastæðasjóður - Fulltrúi

Bílastæðasjóður óskar eftir að ráða metnaðarfullan og drífandi einstakling í starf fulltrúa á skrifstofu sjóðsins. Um fjölbreytt og krefjandi starf er að ræða.

Helstu verkefni:

- Meðferð og afgreiðsla erinda vegna stöðvunarbrotagjalda
- Samskipti við íbúa vegna nýrra gjaldsvæða
- Þátttaka í samráði við íbúa um þróun lausna á bílastæðamálum í íbúahverfum
- Ritstýrir heimasíðu Bílastæðasjóðs og samskiptamiðlum
- Stjórnarseta í húsfélögum sem Bílastæðasjóður er aðili að
- Verkefnastjórnun

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf sem nýtist í starfi, s.s. viðskiptafræði, viðskiptalögfræði eða lögfræði
- Þekking á opinberri stjórnarsýslu og þjónustu, æskileg
- Góða tölvukunnáttu, nauðsynleg
- Góð færni í íslensku og ensku
- Skipulag í vinnubrögðum auk hæfileika til að taka virkan þátt í teymisvinnu
- Lögð er áhersla á mannleg samskipti, vandvirkni, frumkvæði og ríka ábyrgðartilfinningu

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélagi og Reykjavíkurborgar. Um fullt starf er að ræða. Æskilegt er að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Kolbrún Jónatansdóttir, framkvæmdastjóri Bílastæðasjóðs í síma 411 1111 og með tölvupósti til kolbrun.jonatansdottir@reykjavik.is

Sótt er um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar undir flípanum „**Störf í boði**“. Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember 2016.

Vakin er athygli á því markmiði mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar að jafna kynjaskiptingu innan starfsgreina og eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um.



ÍSFUGL

Starfsfólk óskast.

Starfsfólk óskast til ýmissa starfa í vaktavinnu hjá Ísfugli ehf. í Mosfellsbæ.

Um breytilegan vinnutíma getur verið að ræða bæði heilar eða hálfar vaktir, seinnipart dags og/eða á kvöldin.

Upplýsingar veitir Kristmar Ólafsson í síma 566-6103 og á netfanginu kristmar@isfugl.is



ÍSAFJARÐARBÆR

Mannauðsstjóri Ísafjarðarbæjar

Ísafjarðarbær auglýsir laust til umsóknar starf mannaússtjóra sveitarfélagsins. Um er að ræða afar fjölbreytt og krefjandi starf. Mannauðsstjóri hefur yfirumsjón með mannaúsmálum sveitarfélagsins, vinnur náið með bæjarstjóra og sinnir alhliða ráðgjöf til stjórnenda. Meginhlutverk hans er að útfæra mannaúsmál í samræmi við stefnu og áherslur sveitarfélagsins. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á framkvæmd starfsmannastefnu og hefur mikil samskipti við aðra starfsmenn Ísafjarðarbæjar. Næsti yfirmaður er bæjarstjóri.

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er jákvæður, þjónustulundaður, flinkur í samskiptum, fróðleiksfús og óhræddur við að sýna frumkvæði.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Vinna að mannaússtefnu og eftirfylgni með starfsmannastefnu Ísafjarðarbæjar
- Samþætting mannaússtjórnunar við aðra stjórnun og samræming vinnubragða
- Almenn ráðgjöf og aðstoð við stjórnendur í mannaúsmálum og ráðningum starfsmanna
- Gerð starfsgreininga og starfslýsinga í samvinnu við starfsmenn og yfirmenn
- Samskipti og samvinna við ýmsa utanaðkomandi aðila
- Framkvæmd kannana, úrbætur og eftirfylgni.

Menntun, reynsla og hæfni:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfinu
- Framhaldsmenntun á sviði mannaúsmála eða tengdum greinum
- Starfsreynsla á sviði stjórnunar- og mannaúsmála
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum
- Leiðtogaþæfni og geta til að hvetja aðra til árangurs
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, frumkvæði og geta til að hrinda hlutum í framkvæmd
- Skipulags- og greiningarhæfni og gagnrýnin hugsun
- Rík þjónustulund
- Þekking á sviði stjórnarsýsluréttar og vinnuréttar
- Góð almenn tölvuþekking
- Góð íslenskukunnáttu og færni til að tjá sig skipulega bæði í ræðu og riti

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Launaneftdar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélags. Starfshlutfall er 100%.

Umsóknarfrestur er til og með 30. október 2016.

Umsóknir ásamt starfsferilsskrá og kynningarbréfi sem greinir frá ástæðu umsóknar og rökstuðningi fyrir hæfni í starfið skulu berast til mannaússtjóra á netfangið herdis@isafjordur.is

Nánari upplýsingar um starfið veitir Herdís Rós Kjartansdóttir mannaússtjóri í síma 450-8000 eða í tölvupósti.

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



Ertu hugbúnaðarsérfræðingur?

Hugfimi leitar að hugbúnaðarsérfræðingi til vinnu á starfsstöðvar fyrirtækisins í Kópavogi eða á Akureyri.

Hugfimi býður upp á þjónustu á sviði gagnavinnslu, gagnatengingar og gagnaframsetningar. Félagið selur og þróar EYK hugbúnaðinn sem er veflægt gagnavinnslukerfi sem býður upp á miðlægt aðgengi að gagnasöfnum fyrirtækja með sérsníðinni framsetningu. Hugfimi er dótturfélag Mannvits sem er leiðandi fyrirtæki á sviði tæknilegrar ráðgjafar og nýsköpunar.

Verkefni starfsmanna Hugfimi eru fjölbreytt, sem dæmi má nefna uppsetningu vefþjóna, þróun API endapunkta og hönnun viðmóta. Félagið býður upp á sveigjanlegan vinnutíma, möguleika á að vaxa í starfi og tækifæri til að taka þátt í stefnumótun og vöruþróun.

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2016.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Nánari upplýsingar veitir Bjarki Ásbjarnarson, framkvæmdastjóri Hugfimi (s. 661-3092, bjarki@hugfimi.is).

Umsóknir ásamt ferilsskrá og kynningarbréfi skal senda á netfangið umsokn@hugfimi.is. Við hvetjum konur jafnt sem karla til að sækja um starfið.



HUGFIMI

Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is



Viltu þú starfa í ævintýraferðamennsku? Mountaineers of Iceland leita eftir líflægum og öflugum liðsauka

STÓRSKEMMTILEGUR STARFSMAÐUR Í SÖLUDEILD

HELSTU VERKEFNI:

- Sala og tilboðsgerð
- Aðkoma að vörupróun
- Ábyrgð á sölu og bókunum dagsferða
- Samskipti við viðskiptavini, viðhald og þróun viðskiptatengsla
- Aðkoma að framkvæmd ferða
- Önnur tilfallandi verkefni

HÆFNISKRÖFUR:

- Reynsla af störfum í innlendri ferðapjónustu er kostur
- Rík þjónustulund og færni í mannlegum samskiptum
- Geta til að vinna undir álagi og unnið í teymi
- Mjög góð enskukunnátta í rituðu og töluðu máli
- Söluhæfileikar og vilji til að ná árangri í starfi

JEPPALEIÐSÖGUMAÐUR Í DAGSFERÐIR ÚT FRÁ REYKJAVÍK

Við leitum að hressum og jákvæðum einstakling sem býr yfir óseðjandi ævintýraþorsta og elskar að segja sögur.

HÆFNISKRÖFUR:

- Aukin ökuréttindi
- Þekking á landi og þjóð
- Góð enskukunnátta
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Ekki sakar ef viðkomandi er í skemmtilegri kantinum og vanur fjallaloftinu!

TRUKKABÍLSTJÓRI MEÐ VINNUVÉLARÉTTINDI

Við eigum glæsilegan flota af stærstu trukkum landsins sem keyrðir eru um hálendi Íslands. Við leitum að einstaklingi sem þrífst best utan byggða og er ekki hræddur við stór tæki.

HÆFNISKRÖFUR:

- Vinnuvélaréttindi
- Aukin ökuréttindi
- Reynsla af akstri trukka
- Enskukunnátta

Umsóknir og fyrirspurnir sendist á: atvinna@mountaineers.is

Mountaineers of Iceland er rótgróið og framsækið ferðapjónustufyrirtæki sem sérhæfir sig í snjó-sleða- og jeppaferðum á hálendi Íslands.



VIÐ VILJUM ÞIG Í HÓPINN NÚNA Í NÝTT OG GLÆSILEGT ATVINNUTÆKJAHÚSNÆÐI

Við byggjum nýtt og sérstaklega vel tækjum búð atvinnutækjahúsnæði með frábærri starfsmannaaðstöðu að Hádegismóum 8 sem verður tilbúið haustið 2017.

Ekki er ráð nema í tíma sé tekið

- við viljum þig í hópinn núna.

ÖFLUGUR BÍFVÉLAVIRKI

Við leitum að öflugum bifvélaþvirkja/vélvirkja í okkar sterka teymi.

Í starfinu felst vinna við bilanagreiningu og viðgerðir á vörubílum og rútum ásamt þátttöku í þjálfun og simenntun.

Hæfniskröfur:

- Réttindi í bifvélaþvirkjun/vélvirkjun eða reynsla í vörubílaþvirkjunum
- Gilt bilpróf, meirapróf æskilegt
- Góð þjónustulund og vilji til að vera hluti af góðri liðsheim

Kynntu þér starfið nánar og sæktu um á www.volvotrucks.is.

Umsóknarfrestur er til 7. nóvember 2016



Öruggur staður til að vera á

Brimborg er í hópi stærstu og mest vaxandi bílaumboða landsins þar sem fást nýir og notaðir bílar frá Ford, Volvo, Mazda, Citroën og Peugeot auk Volvo vörubíla, vinnuvéla, hópferðabíla og bátavéla. Uppitaka býðst á öllum tegundum bíla og að sjálfsögðu er bílafjármögnun í boði. Brimborg rekur verkstæði fyrir bíla og tæki og kappkostar að veita þar framúrskarandi þjónustu. Bílaeiga er hluti af þjónustuframboði Brimborgar þar sem hægt er að leigja bíla til styttri eða lengri tíma.

ÁBYRGÐAR- OG TÆKNIFULLTRÚÍ

Við leitum að öflugum ábyrgðar- og tæknifulltrúa í okkar sterka teymi.

Í starfinu felast úrlausnir og eftirfylgni í tækni- og ábyrgðamálum ásamt gerð og eftirliti með þjónustusamningum auk ráðgjafar.

Hæfniskröfur:

- Almenn þekking á atvinnubifreiðum og tækjum
- Gilt bilpróf
- Góð þjónustulund og vilji til að vera hluti af góðri liðsheim

Þú færð allar upplýsingar hjá Jóhanni Rúnari, þjónustustjóra, í síma 515 7072.

Hringdu núna!

Við gætum verið með næsta starfsmann mánaðarins á skrá

capacent

Ráðgjafar okkar búa yfir víðtækri þekkingu á atvinnulífinu og veita trausta og persónulega ráðgjöf.

www.capacent.is



Starfatorg.is

Laus störf hjá ríkinu og upplýsingar um málefni ríkisstarfsmanna

Starf	Stofnun	Staður	Nr. á vef
Sviðsstjóri almenns eftirlits	Vinnueftirlitið	Reykjavík	201610/1370
Verkefnastjóri á Þjónustusviði	Ríkiskaup	Reykjavík	201610/1369
Verkefnisstjóri, samfél.verkefni	Háskóli Íslands	Reykjavík	201610/1368
Héraðsprestur, Austurl.prófastsd.	Biskup Íslands	Austurland	201610/1367
Dósent í tölvuverkfræði	HÍ, Rafmagns- og tölvuverkfræðideild	Reykjavík	201610/1366
Verkefnastjóri	Háskóli Íslands, Þjónustuborð	Reykjavík	201610/1365
Yfirlæknir	LSH, móttökugeðdeild 33C	Reykjavík	201610/1364
Deildarstjóri á hagdeild	LSH, fjármálasvið	Reykjavík	201610/1363
Lektor í safnafræði	Háskóli Íslands, Félagsvísindasvið	Reykjavík	201610/1362
Verkefnisstjóri	Háskóli Íslands, Hagfræðistofnun	Reykjavík	201610/1361
Mannauðsstjóri	Vinnueftirlitið	Reykjavík	201610/1360
Hjúkrunarfræðingur	Heilbrigðisstofnun Austurlands	Austurland	201610/1359
Sjúkraliðar/nemar	Heilbrigðisstofnun Norðurlands	Reykjavík	201610/1358
Iðjubjálfar/afleysingarstörf	LSH, iðjubjálfun	Reykjavík	201610/1357
Alþjóðaritari	Alþingi	Reykjavík	201610/1356
Hjúkrunarfræðingur	LSH, brjóstateymi	Reykjavík	201610/1355
Fjármálastjóri	Stofnun Árna Magnúss. í ísl. fræðum	Reykjavík	201610/1354
Sérfræðingur	Matvælastofnun	Vestfirðir	201610/1353
Hjúkrunarfræðingar	LSH, krabbameinslækningadeild	Reykjavík	201610/1352
Hjúkrunarfræðingar	Sólvangur hjúkrunarheimili	Hafnarfjörður	201610/1351
Verkefnastjóri	LSH, innkaupadeild	Reykjavík	201610/1350
Hjúkrunarfræðingur	LSH, móttökugeðdeild	Reykjavík	201610/1349
Lögfræðingur	Ríkislögreglustjóri	Reykjavík	201610/1348
Vélamaður í brúarvinnuflokki	Vegagerðin	Vík	201610/1347
Aðstoðardeildarstjóri	LSH, speglunardeild	Reykjavík	201610/1346



LEIKSKÓLAKENNARAR

Leikskólinn Sólborg á Ísafirði auglýsir eftir leikskólakennurum á nýja 5 ára deild sem staðsett er í húsnæði Tónlistarskólans við Austurveg.

Nánari upplýsingar á www.isafjordur.is

Störf í Ferðapjónustu AD Travel auglýsir eftir starfsfólki.

Bókari / aðstoðamaður Framkv.stjóra

Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist
- Hefur unnið við bókahald
- Góð tölvukunnátta
- Hefur reynslu úr ferðapjónustu
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Hefur gaman af því að skipuleggja
- Talar og skrifar framúrskarandi ensku, önnur tungumál kostur

Helstu verkefni:

- Bókahald – yfirferð reikninga og útgáfa reikninga
- Margvísleg önnur tilfallandi verkefni

Starf við skipulagningu og framleiðslu ferða: Ferðaráðgjafi

Hæfniskröfur:

- Talar og skrifar mjög góða ensku eða þýsku
- Góð tölvukunnátta
- Hefur reynslu úr ferðapjónustu
- Getur unnið mikið yfir sumartímann
- Hefur gaman af því að skipuleggja
- Með ríka þjónustulund

Helstu verkefni:

- Tilboðsgerð og skipulagning ferða
- Samskipti við erlenda viðskiptavinum
- Samskipti við innlenda birgja

Starf við sölu og framleiðslu hópferða

Hæfniskröfur:

- Talar og skrifar mjög góða frönsku
- Menntun sem nýtist
- Góð tölvukunnátta
- Hefur reynslu úr ferðapjónustu
- Getur unnið undir álagi
- Hefur skipulagshæfileika
- Með ríka þjónustulund

Helstu verkefni:

- Tilboðsgerð og skipulagning ferða
- Samskipti við erlenda viðskiptavinum
- Samskipti við innlenda birgja

Áhugasamir sendi inn umsókn á daniel@adtravel.is fyrir 1. Nóvember 2016.



AD Travel er ferðaskipuleggjandi sem sérhæfir sig í ferðum fyrir erlenda ferðamenn. Við erum að leita að hressum og skipulögðum starfskrafti sem vill vinna í litlu en skemmtilegu fjölskyldufyrirtæki þar sem unnið er náið með erlendum samstarfsaðilum að skapa ógleymanlega lífsreynslu fyrir viðskiptavininn.

Við auglýsum eftir tæknikonu/manni í 100% stöðu



Norræna húsið
The Nordic House

Ert þú einstaklingurinn sem við leitum að?

- Þú hugsar í lausnum og hefur frábæra þjónustulund
- Þú getur haldið ótal boltum á lofti í einu
- Þú vinnur skipulega og hefur góða yfirsýn
- Þú átt auðvelt með að tileinka þér nýja tækni
- Þú ert líkamlega sterk/ur og ræður við að flytja til húsgögn

Helstu viðfangsefni:

- Undirbúa viðburði í og við húsið
- Sjá um tæknimál á fjölbreyttum viðburðum
- Stilla upp búnaði og ganga frá eftir viðburði
- Sjá til þess að húsið líti snyrtilega út og allt sé í standi
- Hjálpa til við uppsetningu sýninga
- Þjónusta gesti og viðskiptavinum hússins

Hæfniskröfur:

Leitað er að einstaklingi sem hefur reynslu af því að vinna með viðburði og tæknimál þeim tengdum, þ.á.m. ljós, hljóð, glærukyningar, kvikmyndasýningar o.þ.h. Viðkomandi þarf að skilja og geta tjáð sig á íslensku og ensku. Færni í skandinavísku tungumáli er kostur. Við leitum að sjálfstæðum, skipulögðum og ábyrgum einstaklingi sem á auðvelt með að vinna undir álagi.

Vinnutími miðast við alla virka daga frá kl. 10.00–18.00. Umsjón með ráðningu hefur Þórunn Stefánsdóttir, fjármálastjóri, og veitir hún upplýsingar um starfið í síma 551 7030 eða í gegnum netfangið thorunnst@nordichouse.is.

Umsóknarfrestur er til og með 1. nóvember 2016. Umsóknir skulu fylltar út á www.norden.org.

Með umsókninni þarf að fylgja starfsferilskrá og stutt kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og hæfni viðkomandi í starfið. Umsókn skal vera á dönsku, sænsku, norsku eða ensku.

Um er að ræða nýja stöðu. Ráðið er í starfið til fjögurra ára með möguleika á framlengingu ráðningarsamnings í fjögur ár í viðbót skv. reglum Norrænu ráðherranefndarinnar. Upplýsingar um Norræna húsið má finna á www.norraenahusid.is. Athugið aðeins er tekið á móti umsóknum á www.norden.org

Norræna húsið í Reykjavík er norræn menningarstofnun með áherslu á bókmenntir, tungumál, arkitektúr, hönnun, börn og ungmenni og sjálfbæra þróun. Markmið hússins eru að koma norrænni menningu á framfæri og styrkja tengsl við hin Norðurlöndin. Norræna húsið er leiðandi afl í íslensku menningarlífi og húsið er eitt af meistaraverkum Alvars Aalto.



Snyrtivörueildssala leitar eftir samvisskusömu og áreiðanlegu starfsfólki.

Við leitum að sölumanni/bílstjóra í útkeyrslu. Kynningar, la-gervinna og afgreiðsla eru einnig hluti af þessum störfum. Viðkomandi þarf helst að vera eldri en 25 ára, snyrtilegur með ljúfa framkomu, vera nákvæmur og eiga auðvelt með mannleg samskipti.

Vinnutími er að mestu frá 09-17, en er stundum teygjanlegur. Umsóknir óskast sendar á sgunnbj@simnet.is

Seltjarnarnesbær

Leikskóli Seltjarnarness

(5959-280/290 soffia@nesid.is ibjons@nesid.is)

- Proskapjálfi, fullt starf/hlutastarf.

Grunnskóli Seltjarnarness

(5959200 olina@grunnskoli.is)

- Starfsfólk vantar í Skólaskjól / frístund, lengda viðveru fyrir nemendur í 1.-4. bekk, og stuðningsfulltrúa vantar í hlutastörf við skólann.

Nánari upplýsingar um öll störfin og skil umsókna má finna á Ráðningarvef Seltjarnarnesbæjar www.seltjarnarnes.is – Störf í boði

Umsóknarfrestur er til 31. október næstkomandi.

Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru karlar jafnt sem konur hvött til að sækja um störf. Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og hlutaðeigandi stéttarfélaga.



seltjarnarnes.is

SELTJARNARNESBÆR

Verkefnastjóri á Þjónustusviði

Ríkiskaup óska eftir að ráða verkefnastjóra í fullt starf á Þjónustusviði. Starfið er fjölbreytt, spennandi og krefjandi og felst m.a. í miklum samskiptum við viðskiptavinum Ríkiskaupa.

Meðal helstu verkefna eru:

- Ráðgjöf og greining á þörfum og markmiðum fyrir útboð og innkaup opinberra stofnana og fyrirtækja
- Gerð útboðsgagna – stjórnum útboðsferla
- Áætlana- og samningsgerð
- Verkefna- og samningsstjórnun
- Fræðsla og miðlun upplýsinga

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun (BS gráða, 180 ECTS einingar), sem nýtist í starfi
- Æskileg er 3-5 ára reynsla af sambærilegum störfum
- Þekking á innkaupum og reynsla af verkefnastjórnun er kostur

Leitað er að einstaklingi sem er agaður, sjálfstæður og nákvæmur í vinnubrögðum, sýnir frumkvæði og er fær um að tjá sig í ræðu og riti. Tungumálakunnátta auk íslensku er að lágmarki enska og eitt Norðurlandamál.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Launakjör eru samkvæmt samningum fjármálaráðuneytisins og viðkomandi stéttarfélags.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Ragnar Davíðsson, forstöðumaður Þjónustusviðs í síma: 530 1419 eða á netfanginu: ragnar.davidsson@rikiskaup.is.

Áhugasamir leggi inn umsókn í afgreiðslu Ríkiskaupa eða sendi póst á ofangreint netfang fyrir eigi síðar en 7. nóvember n.k.

Borgartúni 7c, 105 Reykjavík
Sími 530 1400
www.rikiskaup.is

RÍKISKAUP



Matvælastofnun auglýsir laust til umsóknar starf fagsviðsstjóra í matvælaeftirliti sem hefur umsjón með málflokkunum erfðabreytt matvæli, nýfæði og örverur í matvælum. Starfið heyrir undir Neytendaverndarsviði með starfsstöð á aðalskrifstofu stofnunarinnar á Selfossi. Um fullt starf er að ræða.

Helstu verkefni og ábyrgð

Fagsviðsstjóri ber ábyrgð á og hefur umsjón með málflokkunum erfðabreytt matvæli, nýfæði og örverur í matvælum ásamt gerð og endurskoðun gæðaskjala. Fagsviðsstjóri kemur að framkvæmd og innleiðingu löggjafar á framangreindum sviðum, gerð leiðbeininga og fræðsluefnis fyrir eftirlitsaðila, matvælafyrirtæki og neytendur, sem og þáttöku í eftirliti. Þátttaka í nefndum og samskipti við innlendar og erlendar stofnanir og fjölmiðla.

Hæfniskröfur

Umsækjendur skulu hafa háskólapróf í matvælafræði, líffræði eða aðra háskólamenntun sem nýtist í starfi. Þekking og starfsreynsla í opinberri stjórnsýslu og eftirliti er æskileg. Reynsla af gerð gæðaskjala er kostur. Gerð er krafa um færni til tjáningar í ræðu og riti á íslensku og ensku ásamt góðri almennri tölvukunnáttu. Nákvæm og fagleg vinnubrögð, skipulagshæfileikar ásamt getu til að starfa sjálfstætt eru áskilin ásamt góðri framkomu og lipurð í samskiptum.

Matvælastofnun sinnir stjórnsýslu, eftirliti, fræðslu og þjónustu við sjávarútveg, landbúnað, fyrirtæki og neytendur í þeim tilgangi að stuðla að heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla. Hjá stofnuninni starfa 90 starfsmenn.

Umsækjandi þarf að gefa hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 31. október. Nánari upplýsingar um starfið og umsóknarferlið er að finna á vef MAST:

www.mast.is



SÉRFRÆÐINGUR Á UMHVERFISSVIÐI

Íslenska Gámafélagið leitar að öflugum starfsmanni til að sinna starfi sérfræðings á umhverfissviði

Starfs- og ábyrgðarsvið:

- Söfnun, úrvinnsla og útgáfa hráefnisupplýsinga
- Ráðgjöf og kynningar fyrir einstaklinga, fyrirtæki og sveitarfélög
- Ýmis úrbótaverkefni og skýrslugerð
- Skráningar, skilgreinar og samvinna við innri og ytri viðskiptavinum

Menntunar og hæfniskröfur:

- Menntun og/eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæð, nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Jákvætt viðmót og örugg framkoma
- Góð íslensku og ensku kunnátta

Nánari upplýsingar um starfið veitir Birgir Kristjánsson framkvæmdastjóri umhverfissviðs, birgir@gamur.is. Tekið er á móti umsóknum á heimasíðu fyrirtækisins, <https://umsokn.gamur.is>, en umsóknarfrestur er til og með 5. nóvember.

Hjá Íslenska gámafélaginu starfa 250 manns víða um land en fyrirtækið býður viðskiptavinum sínum upp á heildarlausnir á sviði umhverfisþjónustu. Fyrirtækið hefur hlotið jafnlaunavottun VR og starfar eftir jafnlauna- og jafnréttisstefnu. Fyrirtækið hvetur konur jafnt sem karla að sækja um starfið.

Mannauðs stefna fyrirtækisins sækir stuðning í heimsspeki fískisins „Fish Philosophy“. Mannauðs stefnan lýsir vilja fyrirtækisins til að vera framúrskarandi vinnustaður þar sem metnaðarfullt starf er unnið af jákvæðu, samstilltu og ábyrgu fólki í anda jafnræðis

ÍSLENSKA
GÁMAFÉLAGIÐ

Gufunesi gamur.is 577 5757





Laust starf á skrifstofu

Sveitafélagið Vogar auglýsir laust starf þjónustufulltrúa á bæjarskrifstofu. Um er að ræða 100% stöðu. Starf þjónustufulltrúa er viðtækt og fjölbreytt og tekur á flestum þeim verkefnum sem unnin eru innan bæjarskrifstofu.

Hæfniskröfur:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun og/eða reynsla af skrifstofustörfum
- Góð almenn þekking á skrifstofustörfum og tölvuvinnslu
- Góð íslensku kunnátta
- Reynsla eða þekking á sveitarstjórnarmálum og stjórnáslu
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Hæfni í menntulegum samskiptum
- Ath. Vinnustaður er reyklaus

Umsókn ásamt ferilskrá skal skila á skrifstofu Sveitafélagsins Voga að lóndal 2, 190 Vogar eða á netfangið skrifstofa@vogar.is fyrir 7. nóvember næstkomandi.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Launanevndar sveitafélga og Starfsmannafélgs Suðurnesja.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Anna Hulda Friðriksdóttir skrifstofustjóri, anna@vogar.is eða í síma 440-6200

Laus störf hjá Kópavogsbæ

Menntasvið

- Verkefnastjóri á grunnskóladeild

Leikskólar

- Leikskólakennari í leikskólann Álfatún
- Leikskólakennari í leikskólann Baug
- Leikskólakennari í leikskólann Kópahvol
- Leikskólalastjóri í leikskólann Læk
- Starfsmaður í sérkennslu í leikskólann Læk
- Aðstoðarmatráður í leikskólann Núp

Grunnskólar

- Matráður í Hörðuvallaskóla
- Umsjónarkennari í Salaskóla
- Starfsmenn í dægradvöl í Smáraskóla

Sundlaugar

- Starfsmaður í Sundlaugina Versölum - kona

Velferðasvið

- Stuðningsfulltrúi á áfangaheimili
- Liðveisla og tilsjón

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á heimasíðu Kópavogsbæjar, www.kopavogur.is, þar sem jafnframt má finna fleiri störf og nánari upplýsingar.



Kópavogsbær

kopavogur.is



Áhugavert starf hjá Fjarðabyggð

Eigna- og framkvæmdafulltrúi

Laust er til umsóknar starf eigna- og framkvæmdafulltrúa Fjarðabyggðar.

Eigna- og framkvæmdafulltrúi hefur umsjón og eftirlit með öllum fasteignum Fjarðabyggðar og heldur utan um viðhalds- og nýframkvæmdir sveitarfélagsins í samvinnu við sviðsstjóra framkvæmda-, umhverfis- og veitusviðs.

Helstu verkefni eru:

- Yfirumsjón og eftirlit með verklegum framkvæmdum fyrir eignasjóð Fjarðabyggðar.
- Yfirumsjón og eftirlit með viðhalds- og rekstrarverkefnum fyrir eignasjóð Fjarðabyggðar.
- Yfirumsjón og eftirlit með viðhaldi leiguhúsnaðis Fjarðabyggðar.

Leitað er að aðila með iðnmenntun og/eða tæknimenntun. Framhaldsmenntun er kostur.

Frekari upplýsingar um starfið er á heimasíðu Fjarðabyggðar, fjardabyggd.is, undir „Laus störf“.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við viðkomandi stéttarfélag.

Konur jafnt sem karlar eru hvattar til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar veitir Marínó Stefánsson, sviðsstjóri framkvæmda-, umhverfis- og veitusviðs, í síma 470 9000 eða á marino.stefansson@fjardabyggd.is.

Sótt er um starfið rafrænt á vef sveitarfélagsins. Einnig er tekið við umsóknum í umslagi merktu „starfs-umsókn framkvæmdasvið“ í þjónustugáttum bókasafna og á bæjarskrifstofu Fjarðabyggðar, Hafnarögðu 2, 730 Fjarðabyggð.

Umsóknarfrestur er til og með 31. október nk.

Veruleg uppbygging á sér stað í Fjarðabyggð, bæði í atvinnulífi og þjónustu. Íbúar sveitarfélagsins eru um 4.800 talsins í sex byggðarkjörnum, sem eru Mjóifjörður, Neskaupstaður í Norðfirði, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvarfjörður.



FJARÐABYGGÐ
fjardabyggd.is



MIDGARD
HOSTEL

Dreymir þig um að opna veitingastað?

Midgard Hostel óskar eftir umsóknum frá hugsjónarsömum einstaklingum sem hafa áhuga á að opna með okkur spennandi veitingastað á Hvolsvelli.

Midgard Adventure er í þann mund að endurgera og reisa húsnaði sem kemur til með að verða í senn Hostel, verslun, veitingastaður og miðstöð ævintýraferðamennsku á Suðurlandi. Fullbúið eldhús með veitingasal er senn að rísa hjá okkur og verður það útbúið öllum tækjum til veitingareksturs og veisluþjónustu. Tækifærin á svæðinu eru óendanleg og markaðurinn gríðarlega spennandi fyrir slíka starfsemi.

Við óskum eftir umsóknum og ferilskrá frá einstaklingum sem hafa metnað til þess að fara með okkur í hugmyndavinnu fram að áramótum og fara svo á fullt með okkur við rekstur á veitingastaðnum í kjölfarið.

Ef þið viljið forvitnast meira um verkefnið, ekki hika við að hringja í okkur í s: 778 7335.

Umsóknir berist á restaurant@midgardhostel.is með ferilskrá og símanúmeri fyrir 26. október 2016.

STARF Í GESTAMÓTTÖKU

Þriggja stjörnu hótél í Reykjavík leitar að öflugum og þjónustulundum einstaklingi til starfa á vöktum í gestamóttöku.

Starfssvið:

- Fagleg móttaka gesta og upplýsingagjöf
- Bókanir og innritun gesta.
- Sala og þjónusta við viðskiptavinum.
- Samskipti við erlenda og innlenda ferðaðjónustu aðila.
- Símapvarsla og uppgjör.
- Önnur störf sem tilheyra vöktum.

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi væri kostur.
- Vönduð framkoma og þjónustulund.
- Góð íslenskukunnátta er kostur.
- Góð enskukunnátta skilyrði.
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og sveigjanleiki.

Áhugasamir vinsamlega sendið á pósthöfund: starf@email.com



ÁS STYRKARFÉLAG

Störf á heimilum fatlaðs fólks

Ás styrktarfélag óskar eftir þroskarpjálfum, félagsliðum og stuðningsfulltrúum til starfa. Umsækjendur þurfa að vera 20 ára eða eldri. Stöðurnar eru lausar strax eða eftir nánara samkomulagi.

Hlutverk starfsfólks í búsetu er fyrst og fremst fólgið í því að aðstoða og styðja íbúa í daglegu lífi, innan heimilis og utan.

Heimili í Reykjavík

Starfsmaður óskast til starfa í Langagerði. Um er að ræða 25% starfshlutfall og staðan er laus frá 1. nóvember. Unnið er aðra hvora helgi, föstudag, laugardag og sunnudag.

Nánari upplýsingar veitir Margrét K. Guðnadóttir á virkum dögum í síma 551 4478 og 699 8409. Umsóknir sendist á margret@styrktarfelag.is.

Heimili í Hafnafirði

Starfsmenn óskast til starfa á Klukkuvöllum. Um er að ræða 70 - 80% stöður í vaktavinnu. Karlmenntu eru sérstaklega hvattir til að sækja um. Stöðurnar eru lausar nú þegar.

Nánari upplýsingar veitir Ásta Hrönn Ingvarsdóttir á virkum dögum í síma 551 3700. Umsóknir sendist á netfangið asta@styrktarfelag.is.

Heimili í Kópavogi

Starfsmaður óskast til starfa á Kópavogsbraut 5a og 5c. Um er að ræða 50% starfshlutfall. Unnið er aðra hvora helgi, auk þess tvo morgna og fimm kvöld í mánuði. Staðan er laus nú þegar.

Nánari upplýsingar veitir Hrönn Vigfúsdóttir í síma 555 7015 og 823 1088 á virkum dögum. Umsóknir sendist á netfangið hronn@styrktarfelag.is

Allar stöðurnar má einnig sækja um í gegnum heimasíðu félagsins www.styrktarfelag.is, atvinnuumsókn.

Launakjör eru samkvæmt gildandi kjarasamningum við SFR og ÞÍ.

Ertu að leita að talent?



lind@talent.is



bryndis@talent.is

Við finnum starfsmanninn fyrir þig

TALENT
RÁÐNINGAR & RÁÐGJÖF
www.talent.is | talent@talent.is

Sölumaður á fasteignamiðlun

Við leitum að öflugum sölumanni sem er tilbúinn að takast á við spennandi sölumannsstarf og getur hafið störf strax.

Ef þú ert vel skipulagður, hefur góða framkomu og ert lausnarsinnaður þá er þetta rétta starfið fyrir þig.

Árangurstengd laun.

Áhugasamir vinsamlega sendið inn umsóknir á box@frett.is merkt „Sölumaður fasteigna – 1903“

Hársnyrtir óskast

Vinnuhlutfall eftir samkomulagi.
Upplýsingar og fyrirspurnir sendist á
harsnyrtistofan@simnet.is

HÁRSNYRTISTOFAN
LAUGAVEGI 178

Spennandi starf hjá BM Vallá

Lagerstjóri á hellu- og smáeiningalager á Breiðhöfða

- Viðkomandi þarf að vera með reynslu og réttindi á lyftara (J)
- Viðkomandi þarf að vera reglusamur, stundvís, skipulagður og duglegur til starfa
- Vinnutími frá kl. 8:00 – 17 yfir vetrartímann og 8:00 – 18 yfir sumartímabil, en oft er mikið að gera yfir álagstímabil. Unnið er samkvæmt bónuskerfi.
- Viðkomandi þarf að hafa ríka þjónustulund og gott lag á mannlegum samskiptum.
- Gott mötuneyti er á staðnum.

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2016

Umsækendur sendi umsókn ásamt ferilskrá á netfangið asbjorn@bmvalla.is



BM Vallá ehf.
Bíldshöfða 7

Ertu til í áskorun?

Við erum að leita að metnaðarfullum og hraustum einstakling í þjálfunarteymið okkar fyrir barn með einhverfu og afar krefjandi hegðun. Í starfinu felst þjálfun á öllum daglegum athöfnum ásamt samvinnu í faglegu teymi. Starfið er krefjandi og mjög spennandi. Starfsmaður þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Umsókn skal send á Auði mannauðsstjóra á netfangið: audur@sjaland.is, ásamt ferilskrá.



EFLA leitar að liðsauka

Vélaverkfræðingur á iðnaðarsviði

Hjá EFLU vinnur eitt öflugasta teymi landsins í ráðgjafarþjónustu við iðnað og iðnfyrirtæki. Teymið hefur komið að hönnun véla og ráðgjöf hjá flestum iðnfyrirtækjum hérlendis ásamt því að hafa mikla reynslu af ráðgjöf til erlendra fyrirtækja.

EFLA óskar eftir að ráða vélaverkfræðing eða tæknifræðing sem hefur reynslu af ráðgjöf við áliðnaðinn, sjávarútveginn eða önnur stærri iðnfyrirtæki. Einnig kemur reynsla af ráðgjöf við orku- og veitufyrirtækin sterklega til greina. Viðkomandi mun starfa á fagsviði véla á iðnaðarsviði en mun einnig starfa þverfaglega innan EFLU og vinna náið með sérfræðingum á orkusviði.

Hæfniskröfur:

- M.Sc eða B.Sc gráða í véla- eða iðnaðarverkfræði / tæknifræði
- Amk. 5 ára starfsreynsla í þjónustu við iðnað
- Kunnátta á AutoCad og Inventor nauðsynleg
- Sjálfstæði og frumkvæði í starfi
- Góðir skipulags- og samskiptahæfileikar
- Kunnátta í ensku og norðurlandamálum er kostur

Sérfræðingur á sviði hugbúnaðargerðar og viðmótsforritunar

EFLA óskar eftir að ráða forritara með viðtæka reynslu af hönnun og forritun fyrir vef- og gagnagrunnslausnir. Viðkomandi mun starfa í gagnagrunns- og veflausnarteymi á iðnaðarsviði fyrirtækisins við smíði nýrra kerfa og viðhaldi á núverandi kerfum. Starfið krefst frumkvæðis og sjálfstæðra vinnubragða sem og hæfni til að starfa í hóp.

Hæfniskröfur:

- Reynsla og góð þekking á Java forritun er skilyrði
- Þekking á Java EE/JSON/REST
- Þekking á HTML/CSS/Javascript
- Reynsla í hönnun hugbúnaðar, MVC
- Kostur ef viðkomandi þekkir: Vaadin/JavaFX/Glassfish
- Einnig er kostur að þekkja: Subversion/GIT/SOA/Microservice
- Brennandi áhugi á forritun og samþættingu við önnur kerfi í iðnaði

Umsókn með upplýsingum um menntun og starfsreynslu skal berast gegnum heimasíðu EFLU, www.efla.is/umsokn-um-starf, fyrir 29. október næstkomandi. Öllum umsóknum verður svarað og farið verður með þær sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur
29. október 2016

Nánari upplýsingar
412 6000 eða job@efla.is

Farið verður með allar
umsóknir sem trúnaðarmál

EFLA er alhliða verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki sem starfar á öllum helstu sviðum verkfræði og tækni. EFLA býður upp á afbrigðs starfsumhverfi, áhugaverðan starfsvettvang í alþjóðlegu umhverfi og sterka liðsheild yfir 300 samhentra starfsmanna.

ÍSLAND • NOREGUR • SVÍÞJÓÐ • FRAKKLAND • PÓLLAND • TYRKLAND • DUBAI

ráðum
ráðningarstofa

Parftu að ráða starfsmann?

Ráðum sérhæfir sig í ráðningum og mannauðsráðgjöf.

Við komum til móts við þarfir fyrirtækja og sérsníðum lausnir sem henta hverjum viðskiptavini.



Útstillingahönnuður

66°Norður leitar að framúrskarandi útstillingahönnuði til að þróa og innleiða útstillingar á vörum í verslunum 66°Norður. Útstillingahönnuður mun starfa í nánu samstarfi við rekstrarstjóra verslana, vörustjóra, hönnunardeild og markaðsdeild.

KRÖFUR:

- Reynsla af útstillingahönnun í verslunum.
- Menntun á sviði útstillingahönnunar eða sambærilegt nám er kostur.
- Ástríða fyrir hönnun og útstillingum.
- Gott auga fyrir smáatriðum og skipulagshæfileikar.
- Frumkvæði og metnaður.
- Góðir samskiptahæfileikar.

ÁBYRGÐARSVIÐ:

- Útstillingar í verslunarrými og gluggum í verslunum 66°Norður.
- Hönnun, innleiðing og eftirfylgni á ferlum og áætlunum fyrir útstillingar í verslunum.
- Undirbúningur og þátttaka í myndatökum.
- Uppsetning í sýningarrýmum.
- Finna efni og hluti í útstillingar.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Elín Tinna Logadóttir: elin@66north.is.

Áhugasamir sækja um á www.66north.rada.is fyrir 1. nóvember.



S. SAGA ehf

VERKFRÆDISTOFA

S. Saga ehf er verkfræðistofa í Kópavogi sem sérhæfir sig í burðarvirkishönnun og ráðgjöf. Erum með verkefni á Íslandi og Noregi og vegna aukinna umsvifa leitum við starfsfólks í eftirtalin störf

Óskum við eftir að ráða byggingartækni- eða verkfræðing í fullt starf. Um framtíðarstarf er að ræða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Bs í tækni- eða verkfræði skilyrði
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni
- Tölvukunnátta

Helstu verkefni og ábyrgðarsvið:

- Almenn hönnun burðavirkis fyrir mannvirki.

Óskum einnig eftir að ráða tækniteiknara í fullt starf. Um framtíðarstarf er að ræða.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun í tækniteiknun skilyrði
- Kunnátta í Revit og AutoCad
- Frumkvæði og faglegur metnaður
- Góð samskiptahæfni

Helstu verkefni:

- Teiknun burðavirkis
- Teiknun lagna
- Magntaka

Frekari upplýsingar veitir Vignir Jónsson í síma 859 50 90
Áhugasamir sendi umsókn á vignir@ssaga.is

Umsóknarfrestur er til 31. október.



Sérfræðingur á sviði matvælafræði

BioPol ehf., Sjávarlíftækni- og Skagaströnd í samstarfi við Háskólann á Akureyri óskar eftir að ráða sérfræðing á sviði matvælafræði eða einstakling með sambærilega menntun. Umsækjanda er ætlað að styðja frumkvöðlastarf í matvælavinnslu sem sett verður upp í tengslum við rannsóknastofu BioPol ehf, sjá um samskipti við opinbera leyfisveitendur og taka þátt í þróunarverkefnum fyrirtækisins. Starfstöð viðkomandi verður á Skagaströnd.

Hæfniskröfur:

- Háskólagráða í fyrrgreindum fræðigreinum.
- Reynsla af þróunarstarfi í matvælavinnslu er kostur.
- Sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð.

Umsóknarfrestur er til og með 25. október nk.

Umsóknir með ýtarlegum upplýsingum um menntun, starfsreynslu og meðmælendur berist BioPol ehf., Einbúastíg 2, 545 Skagaströnd.

Nánari upplýsingar veitir:
Halldór G. Ólafsson halldor@biopol.is framkvæmdastjóri
í síma 452-2977 eða 896-7977



Sterk tengsl í íslensku atvinnulífi

www.hagvangur.is



Staða sérfræðings í hafeðlisfræði

**Hafrannsóknastofnun óskar eftir að ráða til starfa sérfræðing til starfa á sviði hafeðlisfræði.
Um fullt starf er að ræða og heyrir staðan heyrir undir sviðstjóra umhverfis.**

Helstu verkefni

- Þátttaka í rannsóknarverkefnum
- Vinna með straum- eða haflíkön
- Gagnasöfnun á sjó
- Úrvinnsla gagna og birting niðurstaðna
- Vinna með öðrum rannsóknasviðum stofnunarinnar

Menntunar- og hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að hafa lokið doktors- eða meistaraþrófi í hafeðlisfræði, hafa reynslu af rannsóknum og birtingu niðurstaðna.

Æskilegt er að umsækjandi hafi þekkingu á straum- eða haflíkönnum og reynslu af notkun þeirra.

Í umsókn skulu vera upplýsingar um menntun (afrit af prófskírteinum) og fyrri störf, ásamt nöfnum tveggja meðmælenda sem leita má til varðandi frekari upplýsingar.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

Umsóknarfrestur er til og með 31. október 2016.

Umsókn óskast send á netfangið umsokn@hafogvatn.is merkt sérfræðingur í hafeðlisfræði eða á skrifstofu Hafrannsóknastofnunar, Skúlagötu 4, 101 Reykjavík. Henni skal fylgja ítarleg starfsferilskrá. Konur, jafnt sem karlar, eru hvattar til að sækja um starfið.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Kristín Helgadóttir mannauðsstjóri, kristin.helgadoottir@hafogvatn.is og Héðinn Valdimarsson sviðstjóri, hedinn.valdimarsson@hafogvatn.is

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

